

SEL Þjóðfélagsfræði 10. bekkur 2020 - 2021

Kennarar: Helga Brynleifsdóttir; Jóna Björg Sætran; Tinna Baldursdóttir

10

Markmið:

Að nemendur:

- geti nálgast samfélags- og siðferðisleg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum
- tileinki sér réttssýni, gildismat og ábyrgð til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna
- geti þróað skilning á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í
- fræðist um réttindi sín og skyldur, um ábyrgð og læra um stofnanir samfélgsins.

Námsefni:

- Valdir kaflar úr námsbókinni Á ferð um samfélagið eftir Garðar Gíslason.
- Fræðslumyndir
- Veraldarvefurinn
- Efni frá kennara.

Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum. Horfa á fræðslumyndir. Einnig taka þau þátt í umræðum og afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum.

Námsmat:

Verkefni, kannanir og vinnubrögð eru metin út frá hæfniviðmiðum námsgreinarinnar. Nemendur fá upplýsingar í upphafi hvers verkefnis hvaða hæfniviðmið verða metin hverju sinni og hvaða kröfur kennari gerir til nemenda. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og matið birtist reglulega á hæfnikorti nemenda á mentor.

SEL Samfélagsgreinar 10. bekk 2020-2021 - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera viðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og fyrir mannréttindum.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Greint hvernig ákvarðanir stjórnvalda hafa áhrif á líf einstaklinga.
- Aflað sér og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í fjölmiðlum.
- Útskýrt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt.
- Þekki ferli mála í íslensku réttarkerfi og stofnanir sem koma við sögu.
- Útskýrt og rökstutt gildi reglna í þjóðfélaginu.

SEL Samfélagsgreinar 10. bekk 2020-2021 - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Geti hugleitt og tjáð hver hann er, útskýrt eigin sjálfsmynd og hvernig hún hefur mótast.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Sett sér markmið og framtíðaráætlun í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Geti útskýrt eigin lífsviðhorf og hvað skiptir nemandann máli.
- Metið áhrif fyrirmynda á eigið líf.

- Sett sér markmið og framtíðaráætlun í námi í samræmi við styrkleika og áhugasvið.
- Beitt hugtökum tengdum kynhegðun og sýnt fram á skilning á þeim.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

SEL Samfélagsgreinar 10. bekk 2020-2021 - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rökrætt stöðu sína í samfélaginu, réttindi og skyldur.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Farið eftir fyrirmælum um frágang.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með markvissum hætti skriflega.
- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.
- Miðlað verkefnum sínum með skapandi hætti.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhornum.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi.